

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Gildissvið og stjórnsýsla.

Markmiðið með samþykkt þessari er að tryggja skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi í Vestmannaeyjum, sbr. lög um búfjárhald nr. 38/2013 og lög um velferð dýra nr. 55/2013, koma í veg fyrir að gróðurlendi og lóðum í þéttbýli í Vestmannaeyjum sé spilt vegna ágangs beitarfínaðar. Umhverfis- og skipulagsráð fer með málefni sem varða búfjárhald.

2. gr.

Skilyrði fyrir leyfi.

Búfjárhald (alifugla, geita, kanína, loðdýra, nautgripa, sauðfjár, hrossa og svína) og lausaganga búfjár er óheimil á Heimaey að öðru leyti en greinir í samþykkt þessari.

Hver sem vill fá leyfi til búfjárhalds á Heimaey eða úteyjum skal senda um það umsókn til umhverfis- og skipulagsráðs. Leyfi til búfjárhalds er veitt til 5 ára í senn og er uppsegjanlegt með eins árs fyrirvara miðað við 15. júní ár hvert. Leyfið miðast við ákveðinn hámarksfjölda búfjár miðað við beitiland, að fenginni umsögn gróðureftirlitsmanns Landgræðslu ríkisins, og er bundið við nafn umsækjanda. Óheimilt er að framselja leyfið. Leyfi skal einungis veitt þeim sem hafa yfir að ráða viðunandi beitiland og gripahúsum samkvæmt reglugerð um velferð hrossa nr. 910/2014 og reglugerð um velferð sauðfjár og geitfjár nr. 1066/2014.

Heildarfjöldi hrossa á Heimaey skal aldrei vera meiri en svo að nægt beitiland sé til staðar að fenginni umsögn gróðureftirlitsmanns Landgræðslu ríkisins. Er þá miðað við tímabilið 1. maí til 30. september ár hvert þegar hrossum fjölgar á Heimaey m.a. vegna atvinnustarfsemi s.s. hestaleiga og reiðskóla. Eftir 1. október ár hvert skal fara með þau hross sem sannarlega er ekki verið að nota, astur upp á fastalandið.

3. gr.

Aðbúnaður, umhverfi o.fl.

Leyfi til byggingar gripahúss og til afnota af beitilandi skal sækja um til skipulags- og byggingarfulltrúa sem fjallar um umsóknina í samráði við umhverfis- og skipulagsráð. Óheimilt er að framselja leyfið. Skipulags- og byggingarfulltrúi heldur skrá og kort yfir tún og jarðir sem eru í notkun og samninga sem í gildi eru. Umsóknin ásamt tillögum skipulags- og byggingarfulltrúa og umhverfis- og skipulagsráðs er síðan send bæjarstjórn til afgreiðslu.

Aðbúnaður, umhverfi og gripahús skal vera í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2013 um velferð dýra og reglugerða um velferð hrossa nr. 910/2014 og um velferð sauðfjár og geitfjár nr. 1066/2014.

4. gr.

Beitiland og hagaganga.

Búfjáreigandi skal ætíð ganga vel um leiguland sitt m.a. með áburðargjöf, og draga úr eða afléttu beit tafarlaust ef ástæða þykir til að fenginni umsögn gróðureftirlitsmanns Landgræðslu ríkisins.

Þá skal búfjáreigandi ábyrgjast örugga vörslu búfjár síns með fjárheldum girðingum og viðhaldi á gripahúsum sínum og gæta þess að þau líti vel út, sbr. ákvæði reglugerðar um vörslu búfjár nr. 59/2000 og reglugerðar um girðingar nr. 748/2002. Hagaganga, þ.e. haustbeit sauðfjár á skilgreindum svæðum á Heimaey (frá rimlahliði á Stórhöfðavegi og suður úr að undanskildum Stórhöfða og Litlahöfða) er heimil á tímabilinu 1. október til 15. desember ár hvert. Eftir 15. desember skal allt búfí vera komið á hús. Umhverfis- og skipulagsráð getur veitt undanþágu frá þeirri dagsetningu ef nauðsynlegt þykir að mati ráðsins.

Land sem ætlað er til hagagöngu skal ákveðið af umhverfis- og skipulagsráði að fenginni umsögn gróðureftirlitsmanns Landgræðslu ríkisins. Mörk landsvæðis sem ætlað er til hagagöngu skulu endurskoðuð þriðja hvert ár. Fylgi búfjáreigandi ekki þessum reglum eftir má svipta hann leyfi til búfjárhalds án tafar.

Nr. 245

24. febrúar 2015

Búfjáreigandi sem hættir búskap eða hyggst ekki nýta leiguland sitt undir bústofn sinn skal til-kynna það svo fljótt sem auðið er til umhverfis- og skipulagsráðs svo að endurúthluta megi landinu.

5. gr.

Merkingar á búfí.

Allt búfé á Heimaey og úteyjum skal vera einstaklingsmerkt eigendum sinum með viðurkenndu merki, sbr. reglugerð nr. 916/2012 um merkingu búfíjár, og skal búfjáreigandi skila inn skrá yfir þá gripi sem hann heldur til umhverfis- og skipulagsráðs Vestmannaeyjabæjar.

Sauðfé skal eyrnamerkja samkvæmt reglugerð nr. 200/1998 um búfjármörk og skrá í hjarðbók. Hross skulu örmerkt samkvæmt reglugerð nr. 200/1998 og stöðulum Alþjóðastaðalskrárráðsins (ISO 11784 eða 11785) og skráð í gagnagrunn.

6. gr.

Lausaganga, þvingunarúrræði, kostnaður.

Lausaganga búfíjár er óheimil á Heimaey nema annað sé tekið fram, sbr. 3. gr. Fylgi búfjáreigandi ekki settum reglum varðandi búfjárhald má svipta hann forræði þess að undangenginni skriflegri aðvörun. Sleppi búfínaður laus skal Vestmannaeyjabær sjá um að framfylgja 9. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013 og 24. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra. Kostnaður sem hlýst af hand-sömun og geymslu á lausagöngufé greiðist af eiganda samkvæmt gjaldskrá.

7. gr.

Tilkynning.

Þeir sem við gildistöku samþykktar þessarar, eiga eða hafa í umsjón sinni búfíjár sem fellur undir ákvæði hennar, skulu tilkynna búfjárhald sitt til umhverfis- og skipulagsráðs, sbr. 1. gr. og sækja um leyfi til búfjárhalds.

8. gr.

Nytjaréttur í úteyjum.

Vestmannaeyjabær leigir úteyjafélögum nytjarétt í úteyjum öllum, þ.m.t. Heimakletti, Ystakletti og Miðkletti, að undanskilinni Surtsey, til óákveðins tíma en með eins árs uppsagnarfresti miðað við 15. júní ár hvert. Aðskilja skal beitar- og veiðirétt. Um þá sem hyggjast nýta úteyjar til beitar gilda sömu reglur og á Heimaey nema umhverfis- og skipulagsráð ákvæði annað, og skulu þeir, eins og aðrir sækja um leyfi samkvæmt 2. gr.

9. gr.

Viðurlög.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum eða fangelsi ef sakir eru miklar. Með mál vegna brota á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála, sbr. 14. gr. laga nr. 38/2013 um búfjárhald.

10. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi var samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar þann 19. febrúar 2015 og staðfestist hér með samkvæmt 4. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um búfjárhald í Vestmannaeyjum nr. 727/2003.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 24. febrúar 2015.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Kristján Skarphéðinsson.

Rebekka Hilmarsdóttir.